

## **Helstu niðurstöður hluthafafundar Vátryggingafélags Íslands hf. sem haldinn var miðvikudaginn 27. júní 2018**

Á hluthafafundi Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS), sem haldinn var hinn 27. júní 2018, voru samþykktar tillögur eins og að neðan greinir.

### **Tillaga að stefnu um fjármagnsskipan félagsins.**

Hluthafafundurinn samþykkti stefnu um fjármagnsskipan félagsins þannig að eiginfjárlutfall félagsins verði á bilinu 25-28% eftir þrjú til fimm ár og að samhliða verði dregið úr markaðsáhættu félagsins. Skal stjórn miða við að forsendur fyrir lækkun eigin fjár á hverjum tíma séu að sjálfbærni félagsins til framtíðar sé tryggð og að meðal annars verði litið til að (a) samsett hlutfall félagsins síðustu 12 mánuði sé undir 99%, (b) gjaldþolshlutfall félagsins haldist innan skilgreinds áhættuvilja stjórnar sem nú er á bilinu 1,35 – 1,70, (c) lausafjárstaða verði áfram sterk og (d) dregið verði úr markaðsáhættu.

### **Tillaga að lækkun hlutfjár með greiðslu til hluthafa að fjárhæð kr. 1.800.000.000 með afhendingu hlutabréfa í Kviku banka hf.**

Hluthafafundurinn samþykkti að hlutafé félagsins verði lækkað á grundvelli 2. tl. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög, með greiðslu til hluthafa að fjárhæð kr. 1.800.000.000, og að lækkunin verði greidd með afhendingu hlutabréfa í Kviku banka hf. Fjöldi hlutabréfa í Kviku banka hf. sem afhent verða hluthöfum á greiðsludegi skal miða við meðalverð viðskipta með hlutabréf í Kviku banka hf. síðustu fimm viðskiptadaga fyrir greiðsludag hlutfjárþækkunarinnar. Tillagan var samþykkt með fyrirvara um (1) samþykki Fjármálaeftirlitsins sbr. kröfur reglugerðar ESB nr. 2015/35, sbr. 51. gr. reglugerðar nr. 585/2017, (2) að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra veiti félaginu undanþágu frá innköllunarskyldu, sbr. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og (3) að lögboðnum forsendum sé að öðru leyti fullnægt.

Lækkunin verður að nafnverði kr. 250.000.000 eða sem nemur 250.000.000 hlutum í VÍS. Lækkunarfjárhæð sem er umfram nafnverð, eða kr. 1.550.000.000, mun verða færð til lækkunar á óráðstöfuðu eigin fé félagsins.

Að því tilskildu að fyrirvörum hlutfjárþækkunarinnar verði fullnægt, skal greiðsla til hluthafa innt af hendi svo fljótt sem auðið er, en aldrei fyrr en sjö viðskiptadögum eftir að fyrirvörum er fullnægt. Skal félagið þá senda tilkynningu til kauphallar og upplýsa nánar um framkvæmd lækkunarinnar, þ.m.t. um greiðsludag. Við útgreiðslu til hluthafa skal miða við hlutaskrá félagsins í lok viðskiptadags fimm viðskiptadögum fyrir greiðsludag.

Útgreiðsla hlutfjárþækkunarinnar er skilyrt við að fjöldi hlutabréfa í Kviku banka hf., sem þarf til útgreiðslu hlutfjárþækkunarinnar, fari ekki umfram 300.000.000 hluti en sé skilyrðinu ekki fullnægt skal fallið frá hlutfjárþækkun.